



SAMBAND ÍSLENSKRA KRISTNIBOÐSFÉLAGA

Icelandic Lutheran Mission

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/558
komudagur 8.12.2003

Reykjavík, 4. desember 2003

Vegna tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem móti stefnu á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki.

Í fyrsta lagi fögnum við vaxandi umfjöllun um þróunarmál og framlag — framlagafátækt Íslands í því efni. Umræðan lofar góðu. Eins þökkum við tækifæri til umsagnar um framkomna tillögu til þingsályktunar. Samband íslenskra kristniboðsfélaga hefur í áratugi sinnt kristniboði sem hefur greinst í tvo meidi, annars vegar boðunar og fræðslustarf til safnaðauppbyggingar, hins vegar þróunar- og neyðaraðstoð allra þurfandi á hverjum stað og tíma.

Kristniboðarnir hafa tekið þátt í ýmsum verkefnum sem flest eru núorðið unnin í nafni innlendrar samstarfskirkju, en hafa verið studd af Þróunarsamvinnustofnunum á hinum Norðurlöndunum, Lútherska heimssambandinu og World Food Programme.

Í forgangsröðun verkefna teljum við að fyrsta greinin sé mjög mikilvæg. Við höfum að okkur finnst oft talað fyrir daufum eyrum þegar við höfum nefnt þessi mál.

1. Við teljum mikilvægt að leggja mikla áherslu á félagasamtök sem samstarfsaðila í þessu verkefni. Reynslan sýnir að þannig nýtast peningarnir best. Fjölpjódleg þróunarsamvinna er nauðsynleg, en getur orðið dýr í rekstri, með stofnunum sem oft eru fjarri fólkinu sjálfu og heimsókn á vettvang skilar aldrei því sama og ef starfsmenn búa þar sjálfir. Reynsla Norðurlandþjóða af samstarfi við kristniboðsfélög ber mjög góð og sjálfsagt að huga að svipuðu samstarfi hér á landi einnig.
2. Við fögnum þeirri áherslu að heimamenn séu hafðir með í ráðum og forðast sé að láta eigin ávinning ráða för í vali á verkefnum. Því er eðlilegra að sinna verkefnum á sviði félags-, heilbrigðis- og menntunarmála en verkefnaútflutning og viðskiptasamvinnu. Kveða má fastar að því að breyta þessari áherslu.
3. Ef til vill þarf ekki að taka það fram í drögum sem þessum, en mikilvægt er að velja ekki einungis samstarfslönd þar sem öryggi ríkir. Fátækt, öryggisleysi og skortur á réttlæti fer því miður oft saman og þar er þörfin mest. Að forðast ríki með spillingu er stundum réttlæt看legt, en ekki alltaf, fátæklingurinn fer verst út úr því þegar upp er staðið. Reynslan sýnir að menntun almennings í þessum löndum er oft lykll að frekari þróun, lýðræði og réttlæti í samfélaginu. Hins vegar getur slík þróun tekið áratugi og jafnvel kynslóðir.

Í hópi kristniboðanna eru einstaklingar með mikla reynslu af þróunarstarfi og verkefnum, allt frá árinu 1920 í Kína, frá 1954 í Eþíópíu og frá 1978 í



SAMBAND ÍSLENSKRA KRISTNIBOÐSFÉLAGA

Icelandic Lutheran Mission

Kenýju. Kristniboðarnir eru yfirleitt á vettvangi og búa meðal fólksins og taka þátt í kjörum þeirra.


Við viljum líka leggja áherslu á að mikilvægt er að saman fari bæði tímanleg og andleg aðstoð við þá sem eru hjálpar þurfi. Fólkið sem við höfum verið að starfa á meðal í áratugi vekur oft athygli á þessu. Því finnst skrítið að auðveldara sé að fá aðstoð við tímanlegar þarfir en til að sinna andlegum þörfum sem oft er hindrun þess að framfarir geti átt sér stað. Í mörgum löndum hins þriðja heims liggur að baki allt annar hugsunarháttur og menning en við eigum að venjast. Þetta verður oft til að hefta framfarir. Með þessu erum við ekki að segja að Þróunarsamvinnustofnun eigi að fara að vinna að kristniboði heldur að hugsað sé til þess að veita líka fjármagni til þróunarverkefna þeirra sem eru að sinna heildstæðum þörfum einstaklinga og samfélaga í neyð. Það felur þá í sér að styrkja verkefni sem eru afmörkuð þróunarverkefni og tengjast ekki boðunar- og fræðslustarfi kirkjunnar og þar sem farið er eftir almennum siðareglum í þróunar- og neyðarstarfi.

Reynsla okkar er sú að bæði hjálparstofnanir, þróunarsamvinnustofnanir og yfirvöld í þeim löndum sem við störfum í leita gjarnan til kirkna og kristniboða þar sem þeim er treystandi. Þar er að verki fólk sem á forsendum hugsjóna er komið til að hjálpa án þess að leita eigin ávinnings og leggja á sig að búa meðal fólksins oft fjarri þægindum stórborganna og á launum sem fáir láta bjóða sér.

Að öðru leyti leggjum við áherslu á að tillagan er þörf og góð sem tekur á mikilvægum málaflokkum. Við vonum að hún hljóti góða og skjóta meðferð.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd Sambands íslenskra kristniboðsfélaga



Ragnar Gunnarsson

framkvæmdastjóri innanlandsstarfs



Skúli Svavarsson
framkvæmdastjóri